

**Nd. 59. Frumvarp til laga [54. mál]**

um breyting á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

Flm.: Brafi Sigurjónsson.

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, sömuleiðis við steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir og kostnaður við gerð varanlegs slitlags á götu greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa-, gangstétta- og gatnagerðarskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstéttir verða lagðar og/ eða varanlegt slitlag.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**3. gr.**

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 66/1917 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.

**Greinargerð.**

Um ástæður fyrir flutningi máls þessa sjá greinargerð með frumvarpi um breyting á lögum nr. 18/1920, um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, á þskj. 51.